

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Mýrarkot – Akurgerði 3-5, L169232.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi frístundabyggðar að Mýrarkoti. Breytingin felur í sér að lóð Akurgerðis 3-5 er skipt upp í tvær lóðir.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. febrúar 2022.

Deiliskipulag, Torfastaðir 1, L170828.

Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu 30 frístundalóða á um 25 ha svæði innan jarðarinnar Torfastaða 1, L170828. Á hverri lóð er heimilt að byggja tvö íveruhús (sumarhús og gestahús) samtals allt að 250 fm innan nýtingarhlutfalls 0,03 en þar af skal gestahús vera 40 fm að hámarki. Samþykkt í sveitarstjórn 1. desember 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.